

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 218/1985. **Þórólfur Danielsson**

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

gegn

Garðari Jökulssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Víxill. Tryggingarbréf. Kröfugerð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1985 og var það þá auðkennt nr. 166/1985. Útivistardómur var kveðinn upp 2. október, en áfrýjað var að nýju 11. október með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti 30. október sl. gerði lögmaður stefnda þessar kröfur:

„Stefndi krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst stefndi staðfestingar á héraðsdómi, þó þannig að einungis verði kveðið á um greiðsluskyldu á málskostnaði, þar sem stefndi líti svo á að höfuðstóll og vextir séu greiddir og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.“

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er ljósrit tryggingarbréfs, sem stefndi gaf út 4. maí 1983. Er það til tryggingar skuldum hans sjálfs og/eða Eyðublaðatækni h/f við útibú Búnaðarbankans í Garðabæ að fjárhæð 700.000,00 krónur miðað við höfuðstól auk vaxta og alls kostnaðar. Tryggingin er veð í fasteign stefnda Mó aflöt 47 í Garðabæ. Á tryggingarbréf þetta var ritað f.h. bankaútibúsins 29. október 1986: „Þetta tryggingarbréf er ekki lengur trygging bankans vegna skulda Eyðublaðatækni h/f. Hins vegar er það enn trygging bankans vegna skulda annars aðila.“

Af málflutningi og gögnum verður ráðið, að 4. maí 1983 hafi stefndi veðsett hús sitt til tryggingar skuldum Eyðublaðatækni h/f,

en hann var þá framkvæmdastjóri félagsins og einn af hluthöfum þess. Þrír aðrir hluthafar, þ.á m. áfrýjandi, afhentu stefnda víxla, sem þeir höfðu samþykkt og átti það að vera trygging fyrir hann, ef til þess kæmi að gengið yrði að veðinu. Síðar lét stefndi af störfum framkvæmdastjóra og ósætti varð milli hans og þeirra þriggja manna, sem höfðu afhent honum tryggingarvixla. M.a. krafðist stefndi þess, að létt yrði af húsi hans veðbandinu, sem á það var lagt 4. maí 1983. Það hefur nú verið gert, svo sem ráða má af þeirri áritun bankaútibúsins, sem fyrr er greind, en hinn umdeildi víxill, sem er einn þeirra víxla, sem stefndi fékk til tryggingar eins og fyrr er lýst, hefur ekki verið greiddur í peningum. Hins vegar lagði lögmaður stefnda fram svohljóðandi yfirlýsingu við munnlegan flutning málsins:

„Áfrýjandi hefur greitt inn á dómskuld sína samkvæmt hinum áfrýjaða dómi sem svarar höfuðstól og vöxtum. Einungis er eftir að greiða málskostnað.“

Engin rök eru til að taka til greina kröfu stefnda um frávisun málsins frá Hæstarétti, enda er því löglega áfrýjað. Stefndi krefst þess nú, að dómur verði ekki kveðinn upp um greiðslu víxilfjárhæðar eða vaxta og verður það ekki gert. Hins vegar ber að taka afstöðu til málskostnaðarkrafna.

Mál þetta var í upphafi höfðað til innheimtu víxils. Var héraðsdómur kveðinn upp lögum samkvæmt. Þó að stefndi hafi nú, eftir að fengin er áðurgreind yfirlýsing bankans sem átti veð í fasteign hans, breytt kröfum sínum, hefur hann haldið fast við kröfu um málskostnað. Er ekki unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina og ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ráðstöfun sú, sem leitt hefur til þess, að stefndi hefur fallið frá kröfum um að fá höfuðstól hins umdeilda víxils greiddan með vöxtum, fór ekki fram fyrr en 29. október 1986 svo sem fyrr er lýst. Var þá komið að munnlegum flutningi málsins hér fyrir dómi og stefndi hafði tekið til varna og lagt fram skriflega greinargerð. Verður því að dæma áfrýjanda til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur. Er þá haft í huga, að mál þetta er öldungis hliðstætt tveimur öðrum málum gegn stefnda, sem flutt voru munnlega sama dag og þetta.

D ó m s o r ð:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Þórólfur Danielsson, greiði stefnda, Garðari Jökulssyni, 10.000,0 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Garðar Jökulsson (2519-6007), Móafliot 47 Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 21. mars 1985 á hendur Þórólfi Danielssyni skrifstofumanni (9716-0805), Sólheimum 38 Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 175.000,00 ásamt 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 4/8/83 til 21/10/83, 4,75% á mánuði frá þeim degi til 21/11/83, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/12/83 og 3,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21/1/84, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/9/84, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1/2/85, og 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Skuld þessi er samkvæmt vixli samþykktum af stefnda með gjalddaga 4. ágúst 1983 að fjárhæð kr. 175.000,00 til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, útibúi Garðabæ. Vixillinn er útgefinn 4. maí 1983 af stefnanda og er án afsagnar.

Af stefnda hálfu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum. Aðalvörn stefnda er sú að stefnandi hafi fengið vixillinn til tryggingar, en jafnframt er byggt á því að vixillinn hafi verið sýningarvixill með eyðu fyrir gjalddaga sem stefnandi hafi útfyllt andstætt samkomulagi aðilanna.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Af hálfu stefnanda er litið svo á að varnir stefnda komist ekki að vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936. Til vara er því haldið fram af hálfu stefnanda að hann hafi tekið við vixlinum í því gervi sem hann var í er hann var lagður fram í málinu.

Stefndi heldur því fram að eyðufylling án heimildar jafngildi fölsun og að þar sem vixillinn hafi ekki verið réttilega útfylltur verði ekki talið að lögfullur vixill hafi komið fram í málinu.

Í vixilmálum komast ekki að aðrar varnir en þær sem taldar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936 eða varnir sem öldungis má jafna til þeirra varna sem þar eru taldar. Þannig komast ekki að varnir sem varðar viðskiptin sem liggja vixli til grundvallar. Samkvæmt því kemst sú vörn ekki að í málinu að vixillinn hafi verið afhentur stefnanda til tryggingar. Hins vegar kemst að sú vörn að innihald vixils sé falsað.

Í víxilrétti er gerður skýr greinarmunur á því þegar efni víxils er breytt og eyðufyllingu. Um síðara tilvikið er fjallað í 10. gr. víxillaganna. Talið er að þegar víxill er afhentur án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist í afhendingunni umboð til víxilhafa til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða að víxill hafi verið útfylltur andstætt heimild er þannig málsástæða sem varðar viðskiptin sem liggja víxlinum til grundvallar og kemst ekki að samkvæmt ofansögðu. Í því efni getur það engu breytt þótt stefndi vilji nefna óheimila eyðuútfyllingu fölsun.

Stefnandi hefur lagt fram víxil óaðfinnanlegan að formi með formlega löglegru heimild og gert kröfur í samræmi við það. Samkvæmt þessu og ofanrituðu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda að öðru leyti en því að vextir ákveðast 3,5% p.m. frá 1. júní 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 30.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Þórólfur Daníelsson greiði stefnanda Garðari Jökulssyni kr. 175.000,00 með 5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 4. ágúst 1983 til 21. október 1983, 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 í málskostnað.
